



Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

12. tbl. • Desember 1998

Samtök iðnaðarins óska lesendum
Íslensks iðnaðar gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári





Ofríki framkvæmdavaldsins

Okkur er kennt í bernsku um þri-skiptingu ríkisvaldsins í löggjafar-, dóms- og framkvæmdavald. Löngum hefur mönnum þótt að dómsvaldið sé býsna hallt undir framkvæmdavaldið og reynslan hefur kennt mönnum að það er erfitt fyrir einstaklinga og fyrir-tæki að sækja rétt sinn fyrir dómstól-um þegar þeim þykir á sig hallað eða þeir ofríki beittir af kerfinu. Ekki eru mörg dæmi um að dómstólar hafi sett ofan í við Alþingi jafnvel þegar framkvæmdavaldið hefur að bestu manna yfirsýn teymt það út í fen mannrétt-inda- eða stjórnarskrárbrota. En svo kom dómur Hæstaréttar í kvótamál-inu svokallaða eins og þruma úr heið-skíru lofti.

DÓMUR HÆSTARÉTTAR

Það er beinlínis grátbroslegt að hlusta á ráðherra og ráðgjafa þeirra úthúða Hæstarétti fyrir þá ósvinnu að komast að þeirri niðurstöðu að það stangist á við stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands að út-hluta veiðileyfum um aldur og ævi til þeirra sem voru svo lánssamir að gera út fiskiskip á árunum upp úr 1980. Hæsti-réttur er skammaður fyrir að tala óskýrt og að ekki hafi verið nægilega margir dómáram. Hæstiréttur á að dæma eftir lögunum en ekki að velta því fyrir sér hvort grundvallarreglur séu brotnar, slíkt skapi bara óvissu og óróa. Ráðnir eru færustu sérfræðingar til þess að snúa út úr niðurstöðu Hæstaréttar og gera lítið úr henni. Þetta heitir á máli sérfræðinga „að túlka dóminn þröngt“. Til þrautavara tala ráðherrar um að breyta stjórnar-skránni. Enginn þar á bæ virðist vilja skilja að Hæstiréttur er að senda Alþingi tímabæra viðvörun og áminningu um að setja um þessi mál löggjöf sem er ekki aðeins í samræmi við stjórnarskrána heldur siðferðisvitund þjóðarinnar. Þeir, sem vilja skilja dóm Hæstaréttar þannig, eru skammaðir óbótaskömmum. Þannig

er þorri prófessora við Háskólann snupraður fyrir að skilja niðurstöðu Hæstaréttar öðruvísi en ríkisstjórnin.

Það kann vel að vera að hægt sé um hríð að snúa út úr fyrir Hæstarétti en hversu lengi lætur þjóðin bjóða sér það að réttlætiskennnd hennar sé jafn freklega misboðið? Nú er að sjá hvort Hæstiréttur stenst þetta ógurlega áhlaup eða sér sitt óvænna og leysir málið með því að „túlka dóminn þröngt“ þegar þúið verður að skamma dómáramana nógu rækilega.

ALÞINGI STIMPLAR

Sama ofríkið virðist í æ ríkari mæli einkenna samskipti framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Gott dæmi um þetta er að hvert málið eftir annað er nú keyrt gegnum þingið án þess að nokkru tauti verði við komið. Þingmenn virðast ein-kennilega daufir og áhugalausir enda er líklega vissara að vera ekki með uppsteyt við ríkisstjórnina ef menn vilja hanga inni á framboðslistunum í vor.

Gott dæmi um þessi vinnubrögð má sjá í einni af mikilvægustu nefndum Alþingis, efnahags- og viðskiptanefnd. Eftir ró-legt og friðsælt haust rennur nú hvert stórmálið á fætur öðru þar í gegn athuga-semdalaust og óbreytt. Tökum þrjú dæmi:

1. Frumvarp um breytingar á trygginga-gjaldi þar sem atvinnurekendum er gert að bæta við lífeyrissparnað starfsmanna sinna en mega draga þessa viðbót (fyrst um sinn a.m.k.) frá tryggingagjaldi.
2. Breytingar á lögum um Útflutnings-ráð þar sem gjaldstofni er breytt og enn bætt við tryggingagjaldið og um leið laumað inn nýju gjaldi til þess að fjármagna rekstur Fjárfestingarskrifstofu.
3. Hækkun á þungaskatti sem kemur í kjölfar umfangsmikillar breytingar á þeirri skattheimtu sl. vor. Enginn veit enn hverju sú breyting skilar í

ríkiskassann en vissara þykir að hækka skattinn nú um 3,5% og önnur 2,0% um mitt næsta ár.

Öll eru þessi frumvörp samin í ráðu-neytunum án samráðs við hagsmunaaðila og þau eru svo fullkomin að mati efnahags- og viðskiptanefndar að það er hreinasta tímasóun að vera að leita um-sagnar úti í bæ. Ráðuneytunum þykir líka þægilegast að semja sín frumvörp í kyrrþey því að þá er friður fyrir þessum nöldurseggjum í atvinnulífínu. Samráðs-fundir þingnefndarinnar með hagsmuna-aðilum eru hópfundir þar sem aðilar úr ýmsum áttum fá að tala hver upp í annan en að því búnu stimplar framkvæmda-stjóri Verslunarráðs (og formaður nefnd-arinnar) frumvörpin til afgreiðslu. Allt gengur þetta eins og smurð vél.

SÉRFRÆÐINGAR ALÞINGIS

Í samskiptum Alþingis við framkvæmdavaldið er lítið jafnræði. Forystu-menn flokkanna hafa nánast alræðisvald yfir þingmönnum að minnsta kosti þeim sem vilja fá að sitja áfram. Að auki koma svo frumvörpin fullsmíðuð frá ráð-herrunum og starfsmönnum þeirra í ráðu-neytunum. Það er algerlega undir þeim komið hvort nokkurt samráð er haft við hagsmunaaðila og stundum virðist bein-línis búin til tímaþröng til þess að losna við það samráð sem lofað er á hátföleg-um stundum. Í þingnefndunum sitja svo sérfræðingarnir og mata þingmennina á því sem þeim finnst að þingmennirnir þurfi að vita og auðvitað hafa þeir yfir-burði yfir þingmennina í þekkingu á ein-stökum málum. Þessir sérfræðingar finna fátt bitastætt í aðsendum umsögn-um. En hverjir eru þessir sérfræðingar? Þetta eru starfsmenn ráðuneytanna sem oftast en ekki hafa sjálfið samið frum-vörpin. Var nokkur að tala um virðingu og sjálfstæði Alþingis?

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
12. TBL. Desember 1998
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 16.12.1998
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar:
Vala Óla.
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is
Forsíðumynd: Odd Stefán

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjórar: Ingi Bogi Bogason og
Þóra Ólafsdóttir
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum til-fellum.

Bakaranemi sigrar í Evrópukeppni



Ingólfur Sigurðsson kennari, Þorvaldur Hauksson nemi og Jóhannes Felixson, bakari

Nýlega fóru þrír nemendur Hótel- og matvæðaskólans og Ferðamála-skólans í Menntaskólanum í Kópavogi ásamt kennurum sínum til Portúgal þar sem þeir tóku þátt í Evrópukeppni nemenda í ferðamála- og hótelfræðum. Í keppninni voru 163 keppendur frá 22 löndum og var keppt í 7 greinum.

Keppnin er haldin árlega á vegum Evrópusamtaka hótél- og ferðamála-skóla en þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar taka þátt í henni. Íslensku nemarnir tóku þátt í þremur keppnisgreinum, bakarakeppni, ferðamála-keppni og borðlagningu og framreiðslu víns. Allir stóðu nemarnir sig með þryði og bakaraneminn, Þorvaldur Hauksson, náði þeim einstæða árangri að hljóta gullverðlaun í sinni grein fyrir eftirréttinn „Eldsumbrot á Íslandi“. Þetta er frábær árangur, ekki áður tekið þátt í keppninni og því engin reynsla fyrir hendi. Á myndinni stendur Þorvaldur milli lærifeðranna Ingólfs Sigurðssonar, kennara við Hótel- og matvæðaskóla MK og Jóhannesar Felixsonar, Hjá Jóa Fel. Brauð og kökulist en þar er hann er lærlingur. Samtök iðnaðarins óska Þorvaldi hjartanlega til hamingju með árangurinn og hlakka til að fylgjast með störfum hans í framtíðinni.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Skipasmiðjan hf.

Sameiginlegt fyrirtæki skipasmiðja var stofnað 14. desember sl. og hlaut nafnið Skipasmiðjan hf. Því er ætlað að stuðla að aukinni þátttöku í stórverkefnum á sviði skipasmiða. Stefnir er að því að fyrsta verkefnið verði hið glæsilega varðskip sem smíða á fyrir Landhelgisgæsluna.

Undanfarna mánuði hafa skipaiðnaðarfyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins fjallað um möguleika á því að takast á við hið mikla og áhugaverða verkefni að hanna og smíða varðskip fyrir Landhelgisgæsluna. Fljótt kom í ljós að að hefja þurfti mikla baráttu fyrir því að verkið yrði ekki boðið út á alþjóðamarkaði þar sem lögmál frumskógarins ræður gjarnan ríkjum og fátt til varnar þegar talað er um eðlilega verðmyndun.

Samtökin höfðu strax samband við stjórnvöld og bentu á að ekki væri þörf á að bjóða verkið út þar sem varðskip hlyti að tengjast öryggishagsmunum þjóðarinnar. Við slíkar aðstæður er hægt að beita undanþáguákvæðum frá almennum reglum um útboð og semja við innlenda aðila. Aðrar þjóðir hafa tengt slíka hagsmuni viðleitni til þess að efla og þróa málm- og skipaiðnað viðkomandi lands; fer þá saman leynd sem þarf að hvíla yfir slíkum verkefnum og svigrúm sem tæknigrein eins og málm- og skipaiðnaði er nauðsynlegt til að geta þróast og eflst til vandasamari verka.

Á þessi rök féllst ríkisstjórnin og ákvað að smíðin færi fram hér á landi.

Óðara og það lá fyrir fóru fyrirtæki innan Samtakanna að undirbúa sig. Á fundi 8. desember sl. var samþykkt einróma að stofna sérstakt hlutafélag sem yrði sameiginlegur vettvangur smiðjanna um þetta stórverkefni og samningsaðili við smíðanefnd varðskipsins.

Nú hefur Skipasmiðjan hf. verið stofnuð og eru Stálsmiðjan hf., Slippstöðin hf. og Þorgeir & Ellert hf. stærstu hluthafar. Aðrir hluthafar eru Skipavík hf. í Stykkishólmi, Skipalyftan ehf. í Vestmannaeyjum, Vélsmiðjan Stál hf. á Seyðisfirði, Skipasmiðastöðin hf. á Ísafirði og Skipatækni ehf. í Reykjavík. Hlutfé er alls kr. 10 milljónir.

Ljóst er að hönnun og smíði varðskipsins er mjög gott verkefni fyrir íslenskan skipaiðnað til þess að ná flugi og styrkja innviði sína og bæta samkeppnisstöðuna til lengri tíma litið. Reynslan sýnir að samkeppnin kemur fyrst og fremst að utan og því er mjög þýðingarmikið að innlendir skipaiðnaður stilli saman strengi sína og sanni fyrir sér og öðrum að hann getur staðist hana. Þannig er hægt að treysta þessa atvinnugrein og bjóða fjölda starfa sem eru áhugaverð og tæknilega krefjandi. Slíkar forsendur er grundvöllur bættra lífskjara.

Með stofnun Skipasmiðjunnar hf. hefur íslenskur skipaiðnaður sameinað krafta sína og skapað grundvöll til að vinna nýja sigra á vettvangi skipaiðnaðar.

Ingólfur Sverrisson

Framkvæmdafundur í janúar

Árlegur framkvæmdafundur verður haldinn föstudaginn 29. janúar.

Fundurinn verður með sviðuðu sniði og sl. ár. Forstöðumenn opinberra stofnana og fyrirtækja koma og gera grein fyrir helstu framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á komandi ári. Þá verður einnig leitast við að fá fram upplýsingar frá einkaaðilum um miklar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru.

Þeir, sem koma á fundinn, ættu því að fá upplýsingar um framkvæmdir sem fyrirtæki og opinberir aðilar hyggjast standa að. Nánar verður sagt frá fundinum í íslenskum iðndi og dagblöðum þegar nær dregur.

Árni Jóhannsson
Eyjólfur Bjarnason



Fjárhagsaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki innan 5. rammaáætlunar Evrópusambandsins

Hvað er lítið eða meðalstórt fyrirtæki? Evrópusambandið hefur gengið frá samningum um 5. rammaáætlun sambandsins á sviði rannsókna og þróunar.

Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir umfangsmikilli aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki (á ensku Small and Medium Sized Enterprises, skammstafað SME) en 10% af fjármagni áætlunarinnar eru eynamerkt þessu verkefni. Skilgreining fyrir SME er aðeins breytt frá því sem var í fjórðu rammaáætluninni:

**Færri en 250 starfsmenn (áður 500)
Heildarvelta undir 3,3 milljörðum (áður 3,1)
Minna en 1/4 hluti fyrirtækisins í eigu stærra fyrirtækis en SME (áður 1/3)**

TVEGGJA PREPA UMSÓKNAFERLI

Eins og áður býðst fyrirtækjum, sem uppfylla þessi skilyrði, sérstök leið sem á að auðvelda þeim nálgun að sjóðum Evrópusambandsins. Þessi leið gengur undir nafninu CRAFT og getur verið hvort heldur í einum eða tveimur áföngum.

1. ÁFANGI - UMSÓKNARFERLI

Fyrri áfanginn felst í því að sækja um svokallað Exploratory Award eða umsóknarstyrk. Þessi styrkur er ætlaður til að finna samstarfsaðila fyrir væntanlegt verkefni og skrifa umsókn til Evrópusambandsins. Styrkurinn er 75% af heildarkostnaði við umsóknina gegn 25% mótframlagi frá umsækjanda og getur numið allt að 1,4 milljónum króna.

Til að sækja um Exploratory Award þarf a.m.k. tvö SME eða eitt SME og eitt annars konar fyrirtæki en þau þurfa að vera í tveimur Evrópulöndum. Fáir menn styrkurinn hafa þeir 3-12 mánuði til að skila inn umsókn um verkefni og fæst styrkurinn greiddur þegar umsóknin berst.

2. ÁFANGI - VERKEFNASTYRKIR

Exploratory Award er hægt að nota til að ganga frá umsókn um sérstakt CRAFT verkefni sem kallast Cooperative verkefni og miðast við samstarf SME sem ekki hafa aðstöðu til að stunda

eigin rannsóknir nema að litlu leyti en vilja láta rannsóknastofnanir eða háskóla vinna fyrir sig. Skilyrði fyrir slíkri umsókn er að þátttakendur séu a.m.k. þrjú SME frá a.m.k. tveimur Evrópulöndum og séu í samstarfi við rannsóknastofnun eða háskóla sem vinnur rannsóknavinnuna. Þátttakendur geta verið fleiri og einnig stór fyrirtæki ef litlu fyrirtækin samþykkja það. Styrkurinn nemur 50% af heildarkostnaði verkefnisins (heildarkostnaður getur verið allt að 160 milljónir króna) á móti 50% framlagi þátttakenda en það má vera í fríðu, þ.e.a.s. öðru en peningum). Verkefnin geta staðið í eitt til tvö ár. Þáttökufyrirtækin eiga niðurstöðurnar þegar rannsókninni er lokið.

Ekki er skylt að nota Exploratory Award til að sækja um CRAFT verkefni. Einnig má nota styrkinn til að sækja um venjulegt rannsóknaverkefni (Shared cost).

Ef fyrirtækin kjósa geta þau sleppt Exploratory Award þrepinu og sótt beint um rannsóknarstyrk en þá skrifa þau umsóknina á eigin kostnað.

HVAÐ GRÆÐA FYRIRTÆKIN

Helstu kostir fyrir SME við að taka þátt í CRAFT verkefni eru eftirfarandi:

Fé til að greiða fyrir rannsóknir Sérfræðistofnanir til að vinna rannsóknavinnu Fyrirtækin eiga rannsóknaniðurstöður Dreifing áhættu við rannsóknaverkefni

**Myndun samstarfs við önnur Evrópulönd
Aðgangur að evrópskum mörkuðum**

HVERNIG Á AÐ SÆKJA UM?

Evrópusambandið gefur út ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig á að fylla út umsóknir hvort heldur sem er um 1. eða 2. áfanga. Fyrirtækjum, sem ætla að sækja um, er eindregið ráðlagt að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningunum. Þótt það sé gert verða menn að gera ráð fyrir þeim möguleika verða synjað í fyrstu atrennu. Þá er aðalatriðið að missa ekki móðinn heldur kynna sér vel skýrslu um mat á verkefninu og sækja um aftur þegar tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem gerðar voru. Umsóknarfrestur fyrir CRAFT verkefni er allt árið en verkefni verða metin þrisvar á ári. Sennilega verður fyrsta mat í apríl 1999 og þá er bara að koma umsókn á framfæri í tæka tíð.

Allar nánari upplýsingar gefur Ragnheiður Héðinsdóttir á skrifstofu Samtaka iðnaðarins í síma 511 5555 en einnig gefa Hörður Jónsson og Hjördís Hendriksdóttir hjá Rannsóknarráði Íslands (sími 562 1320) allar upplýsingar um stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki í 5. rammaáætluninni.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Ný hraðréttalína Kjötiðja K.P.

Kjötiðja K.P. kynnti fyrir skömmu nýja hraðrétti, fullbúna máltíð sem fyrirtækið hefur sett á markað og hlotið hafa nafnið: EKTA – Allir heimsins réttir.

Þessir réttir eru afurð verkefnisins Vöruþróun 97 sem Kjötiðja K.P. tók þátt í undir stjórn Sævars Kristinssonar, verkefnisstjóra á Iðntæknistofnun Íslands. Með þessu verkefni hefur Kjötiðja K.P. komið á markvissu vinnuferli við vöruþróun.

Réttirnir eru hraðfrystir og verða markaðssettir á landsvísi. Til að byrja með koma á markaðinn fjórar tegundir rétta sem skírskota til matargerðarlistar og hefða framandi landa: Alpa snitsel, Mexikó Enchilada, Kreóla hakkbollur og Hawaii pottrettur.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Vaskir verkstjórar úr málmíðnaði sem sóttu námskeið í lok nóvember sl.



Verkstjóranámskeið njóta vaxandi vinsælda

Samtök iðnaðarins og Fræðsluráð málmíðnaðarins hafa í haust og vetur gengist fyrir námskeiðum fyrir verkstjóra í málmíðnaði. Námskeið þessi hafa verið ágætlega sótt og er fyrirhugað að halda fleiri síðari hluta vetrar.

Á námskeiðunum er farið yfir helstu atriði í verkefnisstjórnun og hvar verkstjórinn kemur þar við sögu. Verkefnastjórnun er tvímælalaust sá þáttur sem verkstjórar verða að tileinka sér vel enda mun samstarf fyrirtækja um viðamikil verkefni byggjast á samræmdri verkstjórnun milli þeirra.

Mannleg samskipti eru einnig tekin fyrir á námskeiðunum enda nær verkstjóri ekki árangri í starfi sínu nema hann

hafi gott og traust samband við undirmenn sína og geti auk þess haft góð áhrif á samskipti þeirra innbyrðis.

Verkstjórar gegna lykilhlutverki í endurmenntun starfsmanna sinna. Þeirra er að kanna þörfina að því leyti og sjá til þess að þeir starfsmenn, sem þeir ákveða, sækji þá fræðslu og þjálfun sem nauðsynleg er vegna starfsemi fyrirtækisins.

Á námskeiðunum er einnig fjallað um stöðu verkstjórans og hlutverk, skyldur hans og réttindi. Óhætt er að fullyrða að þar kemur þeim margt á óvart og ekki vanþörf á að skerpa á ýmsu í þeim efnum. Síðast en ekki síst er fjallað um vinnurétt og kjarasamninga í málmíðnaði.

Ingólfur Sverrisson

Félagsfundur um 2000-vandann

Samtök iðnaðarins héldu opinn félagsfund um 2000 vandann 10. desember sl. Góð aðsókn var á fundinn og miklar umræður enda er hér er um mikilvægt mál að ræða.

Guðmundur Ásmundsson kynnti þær aðgerðir sem Samtök iðnaðarins vinna að til að lágmarka þá erfiðleika sem búast má við að fyrirtæki standi frammi fyrir um þar næstu áramót. Páll Halldórsson hjá Kassagerð Reykjavíkur fór yfir úttektir og aðgerðir framleiðslufyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins. Auk þessara fluttu Þórunn Pálsdóttir (ÍSAL), Marina Candi (Álit ehf.) og Jónas Jónatansson (Hugur-Forritapróun hf.) stutt erindi.

Prentstaður íslenskra bóka

Samkvæmt bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 1998.

Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka og voru niðurstöður hennar birtar í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 1998.

Alls eru bókatiðlar 453 en voru 439 árið 1997. Könnunin sýnir að hlutfall prentunar erlendis hefur aukist og er nú 36,2% en var 33,7% í fyrra.

Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Áberandi er hversu hátt hlutfall íslenskra barnabóka er prentað erlendis eða um 71%. Skáldverk og bækur almenns eðlis ásamt ljóðabókum eru að stórum hluta prentuð hér á landi eða 70 – 90%. Þegar bækur eru prentaðar í útlöndum er verulegur hluti umbrots og filmuvinnslu að öðru jöfnu unninn hér á landi.

Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi:

	<i>Fjöldi tíla</i>	<i>% af heildarpr.</i>
Ísland	289	63,8
Singapore	36	7,9
Danmörk	28	6,2
Svíþjóð	27	6,0
Kína	14	3,1
Spánn	14	3,1
Ítalía	10	2,3
Thailand	8	1,8
Holland	7	1,5
Belgía	5	1,1
Ungverjaland	5	1,1
Noregur	3	0,7
Pýskalaland	2	0,4
Portúgal	2	0,4
England	1	0,2
Önnur Lönd	2	0,4
Samtals	453	100%

Bókasamband Íslands er félagsskapur eftirtalinna aðila: Bókavardafélag Íslands – Félag bókagerðarmanna – Félag íslenskra bóka- og ritfangaverslana – Hagþenkir – Rithöfundasamband Íslands – Samtök gagnrýnenda – Samtök iðnaðarins.

Þórarinn Gunnarsson

Inn- og útflutningur vinnuvéla

Fylgst með vinnuvélauppboði í Rotterdam

Eftir afnám tolla og vörugjalda af vinnuvélum er ekkert sem hindrar útflutning notaðra véla. Til að kanna markað notaðra véla var fylgst með uppboði í Ritchie Bros. í Rotterdam um miðjan nóvember.

Ritchie Bros. er umsvifamikið uppboðsfyrirtæki sem heldur 110 uppboð á ári um allan heim. Í Evrópu eru höfuðstöðvarnar fyrir utan Rotterdam (Port of Moerdijk). Þar hefur fyrirtækið gríðarmikið frísvæði og þurfa vélar, sem eru fluttar þangað, ekki að uppfylla ákvæði um CE merkingar því að í skilningi tolla er frísvæðið ekki hluti af Hollandi. Uppboðin í Rotterdam eru alla jafna þrjár á ári, í mars, júní og nóvember. En á næsta ári verður því fjórða bætt við. Einnig eru tilfallandi uppboð haldin annarsstaðar í Evrópu þegar umsvifamiklum framkvæmdum lýkur.

HVAÐ ER SELT?

Í Rotterdam er uppistaðan hefðbundnar vinnuvélar af öllum stærðum og gerðum, jafnt nýjar sem notaðar en einnig bílar s.s. steypubílar, dælubílar, vörubílar og dráttarbílar. Á uppboðinu í nóvember voru einnig nokkrir vinnuflokkabílar en litlir bílar voru fáséðir. Ennfremur eru seldar rafstöðvar, loftþjoppur, vinnuskúrar og einstakir varahlutir s.s. belti og hjólbarðar. Alltaf slæðist eitthvað undarlegt með og voru nokkrar skellinöðrur og svífátur boðin upp á síðasta uppboði.

HVERJIR SELJA

Eigendur tækjanna eru í flestum tilvikum verktakar. Langflest tæki eru merkt verktökum frá meginlandi Evrópu. Einnig eru seld tæki frá Asíu eða Mið-



Ónotaðir Hyundai 450 LC series 3 seldust á 140.000 \$ og 210 LC series 3 fóru á 63.000 \$

Austurlöndum en það er einkennandi fyrir tæki þaðan að þau eru að öðru jöfnu seld í mörgum eintökum. Þannig má sjá einn til þrjú eins steypubíla frá sama fyrirtæki í Belgíu og 30 ljósgræna Mözdu pallbíla með vinstrihandarstýri og austurlenskri áletrun á hurðunum. Þau tæki, sem ekki uppfylla kröfur Evrópusambandsins, eru merkt sérstaklega. Nokkuð er um að innheimtufyrirtæki og kaupleigur séu meðal seljenda. Í einstaka vöruflokkum selja framleiðendur ónotuð tæki. T.d. var sala Scania áberandi í nóvember en fleiri framleiðendur voru á ferðinni s.s. Hyundai og Claas o.fl. – Seljendur eru margvíslegir. Sumir eru umsvifamiklir og seldu tæki í tugavís en aðrir aðeins með eitt til tvö tæki. Framleiðendur, sem selja ónotaðar vélar, eru jöfnun höndum að selja nýjar vélar og eins til tveggja ára ónotaðar vélar sem ekki hafa gengið út.

HVERNIG Á AÐ KAUP

Langflest tæki eru kominn á uppboðsstað allt að tveimur vikum fyrir uppboðsdag. Uppboðshaldari auglýsir einn til tvo skoðunardaga fyrir uppboð en skoðunartíminn er í raun allt að tvær vikur. Þá geta menn skoðað vélarnar og prófað þær í ró og næði. Algengt er að stórir kaupendur sendi fyrst verkstæðismenn til að kanna ástand vélanna og prófa þær og ákveða svo hve hátt verð þeir vilja bjóða. Uppboðsstundin sjálf er ekki besti tíminn til að leggja yfirvegað mat á tækin og meðan uppboðið stendur er ekki hægt að prófa tækin svo vel sé. Það sem einkennir þó Ritchie uppboðið í Rotterdam er að ástand tækja er almennt gott. Enskir og írskir kaupendur sögðu að á ástand 95% tækjanna væri gott og í samræmi við útlit. Á uppboðinu í Englandi og víðar er hlutfallið hins vegar 50% og er nýtt lakk ekki alltaf viðbending um að ástand véla sé gott. Þegar komið er á uppboðið þurfa bjóðendur að framvísa bankatryggingu og skilríkjum. Á uppboðinu er gengið frá greiðslum því að einungis staðgreiðsla er í boði. Tækjunum er síðan ekið einu af öðru upp á sýningarpall og þau boðin upp. Uppboðið fer fram á ameríska vísu í dollurum,



Aðaleigandi Ritchie Bros. David E. Ritchie

líkast nautgripauppbóði í sjónvarpmyndum. Sönglandi þulur tönlast á talnarunu: fivethousand, fivethousand, fivethousand, fivethousand, going up to sixthousand, going up to sixthousand, going up to sixthousand sixthousand sixthousand, sixthousand o.s.frv.

Kaupendur gefa merki ef þeir vilja kaupa viðkomandi hlut á því verði sem þulurinn nefnir. Þekktir og viðurkenndir kaupendur þurfa aðeins að hnykla brýnnar en aðrir rétta upp hönd. Sýni aðeins einn kaupandi áhuga er talnasönglinu hætt, kaupandi sýnir númer sem hann fékk í upphafi uppboðs og telst eigandi viðkomandi hlutar eða tækis. Ef 5 stk. sömu tegundar eru boðin upp samtímis gengur uppboðið eins fyrir sig, nema þegar hæstbjóðandi er fundinn, þá getur hann ákveðið hvort hann vill öll 5 tækin eða færri. Ef hann vill bara hluta tækjanna, sem í boði eru, velur hann fyrstu tvö eða þrjú öftustu o.s.frv. Öðrum gefst síðan kostur á að kaupa afganginn á sama verði. Ef allt gengur út og enginn situr eftir er haldið áfram og næsti óskyldi hlutur boðinn upp. Annars er það sem óselt er boðið upp og þulurinn hefur upp sína sönglandi röddu.

Það, sem lýst er hér í mörgum orðum, gerist í raun á örskammri stundu. Tíu bobkettir og sex steypubílar skipta um



Ýmsir lausamunir voru boðnir upp



Listræn framsetning
á beltagröfum

eigendur á innan við mínútu. – Þess vegna er brýnt að kaupendur viti fyrirfram hvað þeir vilja borga fyrir hvert tæki og í hvaða ástandi það er. En óhjákvæmilega er freistandi að gera tilboð í eitthvert tæki þegar einsýnt er að það er í þann veginn að seljast fyrir smáaura eins og til dæmis 900 þúsund krónur fyrir ónotaðan Unimog, eins og undirritaður fékk að kynna þó að hann sæti á aftasta bekk með blað og blýant en hefði ekki bankaábyrgð fyrir reiðhjóli og enn síður not fyrir Unimoginn þótt hann væri ónotaður. En svona er uppboð! Menn smitast af hinu sérstaka umhverfi og hraðri atburðarás svo það er eins gott að hafa sitt á þurru.

EN AÐ SELJA?

Tiltekinn fastur kostnaður eða umstang er fólgið í allri sölu óháð því hversu mikið er selt. Sá, sem á eitt eða tvö tæki á Íslandi, þarf ekki að hugleiða sölu. Annaðhvort þurfa menn að sameinast um ákvörðun um sölu eða það er einungis á



Þessar seldust á 13.500 \$ stykkið



Ónotaðir Scania 114g/340 fóru frá 41.000 \$ upp í 47.500 \$

færi stórra fyrirtækja, síðan geta smærri hlutir fylgt með. Meðal nokkurra verkataka og vélaumboða er áhugi á að láta reyna á sölu og því verða líklega einhver íslensk tæki seld á næsta uppboði.

FLUTNINGUR TÆKJA TIL OG FRÁ UPPBOÐSSTAÐ

Eimskip rekur mikla starfsemi í Rottterdam en þar vinna um 75 manns. Sjálfur uppboðsstaðurinn er einungis í 15 km fjarlægð frá aðstöðu Eimskips.

Eimskip getur flutt vélar beint til Ritchie og jafnframt annast frágang og gerð nauðsynlegra pappíra. Að sögn Eimskips er kostnaður við flutning u.þ.b. 50 til 60% af kostnaði við innflutning.

SÖLUPÓKNUN ALLT AÐ 14%

Uppboðsfyrirtæki eins og Ritchie tekur allt að 14% sölulaun en einhvern veginn lá það í loftina að það semja mætti um lægri þóknun. Áður en að ákvörðun um sölu kemur bjóða uppboðshaldarar tvennt: Að gefa verðhugmynd samkvæmt lýsingu einkum um hefðbundin tæki, ekki of gömul og miðað við eðlilega notkun og þjónustu. Að gefa skuldbindingu lágmarksverð (garanty próposal) en seljandi fær þá fjárhæð greidda þótt vélin

seljist undir því verði en Ritchie hirðir afganginn. En allt er þó umsemjanlegt og þeir eru tilbúnir til að semja um skipti á umframverðinu. Ef um er að ræða verulegt magn eða verðmæti koma fulltrúar Ritchie og skoða og meta tækin á staðnum. Að öðrum kosti verður að styðjast við mat út frá lýsingu og myndum sem eðlilega er ónákvæmara mat.

Uppboðinu lýkur ekki fyrir en allt er selt. Eiganda er óheimilt að bjóða í eigið tæki. Verði menn uppvísir að slíku er þeim vísað á brott með vélar sínar og eiga ekki afturkvæmt næsta árið. Þessi afgerandi regla og ýmislegt annað í fari uppboðsfyrirtækisins hefur leitt til þess að það hefur mjög trausta stöðu á markaðinum og af því fer gott orðspor.

Árni Jóhannsson



Þessi tíu D10 árg. 88 fóru á 150.000 \$ en vinstra megin sést aðeins í D9N árg. 94 sem fóru á 240.000 \$

MENNT stofnuð

MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, var stofnað föstudaginn 27. nóvember sl. og voru stofnfélagar vel á þriðja tug. Um leið hafa Sammennt og Starfsmenntafélagið verið lögð niður. Markmið MENNTAR er að efla menntun einstaklinga, stuðla að öflugu atvinnulífi, efla samkeppnishæfni fyrirtækja og hæfni starfsmanna og treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Meðal stofnaðila að MENNT eru Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands og er þetta fyrsti breiði samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins um menntamál.

Samtök atvinnurekenda og launafólks hafa undanfarin ár átt í margvíslegu formlegu og óformlegu samstarfi um menntamál í þágu atvinnulífsins. Á seinustu missirum hefur komið fram aukin áhersla og áhugi bæði hjá fyrirtækjum og starfsmönnum um að nýta beri betur þá auðsköpun sem felst í góðri menntun. Skólararnir sjá hlutverk sitt í auknum mæli sem mikilvægan hlekk í keðju nýsköpunar og þróunar í atvinnulífinu. Í samræmi við þetta hefur samstarf atvinnulífs og skóla orðið yfirgripsmeira og flóknara, m.a. vegna framhaldsskólalaganna frá 1996. Því er nú svo komið að þessir aðilar hafa ákveðið að stíga markviss skref til að einfalda samstarfið en gera það um leið öflugra.



Á stofnfundi



Björn Bjarnason menntamálaráðherra í ræðustól

Stjórn Menntar skipuð

Samkvæmt lögum MENNTAR skipa ASÍ, VSÍ, Samband iðnmenntaskóla, Samband háskólastigsins og Samstarfsnefnd um menntun í iðnaði í stjórn MENNTAR.

Samkvæmt þessu hafa eftirtaldir verið skipaðir í stjórn: Davíð Stefánsson (VSÍ), Finnbjörn Hermannsson (ASÍ), Frímarr Ingvi Helgason (Samband iðnmenntaskóla), Garðar Vilhjálmsson (ASÍ), Ingi Bogi Bogason, formaður (VSÍ), Kristján Karlsson (Samstarfsnefnd um menntun í iðnaði) og Ólafur Jón Arnbjörnsson (Samband iðnmenntaskóla). Skipun Sambands háskólastigsins er væntanleg.

MENNT ER BRÚ FRÁ ORÐUM
TIL ATHAFNA

**MENNT er m.a. ætlað
að vera breiður sam-
vinnu- og sam-
ræðuvettvangur
aðila vinnumark-
aðarins og skóla
um menntamál. Í
lögum um fram-
haldsskóla er á
ýmsum stöðum
fjallað um mennt-**


**un fyrir atvinnu-
lífið, bæði beint
og óbeint. Hins
vegar er sjaldnast
greint frá því með
hvaða hætti lögin
verði best fram-
kvæmd. MENNT
hyggst verða vett-
vangur atvinnu-
lífs og skóla til að
þróa leiðir til þess
að nýta þá mögu-
leika sem felast í
framhaldsskóla-**

**lögnum og öðrum
stefnumarkandi ákvörð-
unum ríkisstjórnarinnar
um menntun fyrir at-
vinnulífið. MENNT býð-
ur stjórnvöldum þjón-
ustu sína með eftirfar-**

Lifandi fréttavefur

www.si.is

Hefur þú heimsótt www.si.is nýlega?



Fréttir, umsagnir, greinar, viðtöl og upplýsingar uppfærast reglulega.



Umhverfismál atvinnulífsins.



Hagtölur iðnaðarins.



Starfsemi Samtaka iðnaðarins.

Allt þetta og meira til á www.si.is



49. heimsþing Cidesco haldið í Grikklandi

Um mánaðamótin október nóvember sl. var 49. heimsþing Cidesco haldið í Aþenu í Grikklandi.

Þingið sóttu tveir fulltrúar frá Íslandi þau Sigríður Guðjónsdóttir formaður FÍSF og Ólafur Helgi Árnason lögmaður SI. Ekki var laust við að það vekti athygli að FÍSF hafði lögmann með sér á þingið.

Á þinginu áttu sæti fulltrúar frá tæplega 40 þjóðum og var nánast fullskipað. Mörg merkileg mál voru á dagskrá og m.a. var þar fjallað um nýjar siðareglur „Code of ethics“ fyrir Cidesco. Megintilgangur þeirra er sá að ákveða hvað séu tilhlýðileg og viðurkennd vinnubrögð í snyrtifræði svo og að forða félögum Cidesco frá ófaglegum vinnubrögðum. Jafnframt er tilgangurinn að halda uppi háum gæðakröfum í samskiptum félagsmanna innbyrðis svo og gagnvart viðskiptavinum og loks gagnvart faglegum stofnunum innan greinarinnar.

Í siðareglunum eru einkum tvö atriði sem til eru orðin vegna áhrifa frá FÍSF. Í fyrstu grein reglnanna kemur fram að félagsmenn skuli ávallt starfa í samræmi við lög venjur og hefðir í því landi sem þeir starfa. Rétt er að geta þess að nokkuð hefur verið deilt um innan Cidesco hvort FÍSF hafi brotið gegn reglum þess varðandi fólk sem hefur lært snyrtifræði erlendis en samt þurft að taka sveinspróf hér á land. Virðist sem loks hafi tekist að sannfæra stjórn Cidesco um að FÍSF hafi eingöngu farið að íslenskum lögum og reglum og er það sjónarmið staðfest með þessari 1. gr. siðareglanna. Virðist því sigur hafa unnist í þessari baráttu.

Menntamál skipuðu veglegan sess á þinginu og virðast vera að færast í betra horf með hverju ári. Gæti nú verið orðið



tímabært að hefja af krafti baráttu fyrir því að setja á fót Cidesco skóla hér á landi.

Framtíðarsýn Cidesco var einnig mikið rædd og sýndist sitt hverjum um þá framtíðarsýn sem stjórnin lagði fram. Er ánægjulegt til þess að vita að horft er fram veginn nú þegar árið 2000 er að renna upp og reyndar verður næsta heimsþing haldið árið 2000 á Ítalíu. Fram kom tillaga, sem samþykkt var með breytingum sem íslenska nefndin lagði til, um fjárhagslega tilhögun slíkra þinga í framtíðinni. Ef sú tilraun reynist eins vel og vænta má verður jafnvel unnt að halda slíkt heimsþing á Íslandi.

Jafnhliða heimsþinginu voru haldnir fjölmargir fyrirlestrar um nánast allt er varðar snyrtifræði. Bæklingur um þá fyrirlestra hefur þegar verið sendur félagsmönnum. Einnig var haldin viðamikil sýning með vörum og merkjum tengdum snyrtifræði. Sú sýning þótti ákaflega vel heppnuð og var gerður góður rómur að henni.

Oft finnst okkur Íslendingum við jafnvel hverfa þegar við sitjum stóra fundi

og ráðstefnur með öðrum þjóðum en óhætt er að fullyrða að rödd Íslands heyrðist á þessu þingi og var borin virðing fyrir sjónarmiðum íslensku nefndarinnar.

Ekki má heldur gleyma að það getur borið vitni um stöðnun ef við látum undir höfuð leggjast að sækja slík þing. Ekki er nóg að læra sitt fag og láta þar við sitja. Heimurinn er nú er með þeim hætti að tækni og nýjungar koma sífellt örarm fram og ef ekki er fylgst með er hætta á að sitja eftir.

Þeir, sem sótt hafa þing sem þessi vita að ekkert kemur í stað persónulegra samskipta og kunningsskapar. Á slíkum þingum gefst tækifæri til að hitta fólk og kynna sér hvað er að gerast í faginu annars staðar í heiminum.

Sigríður Guðjónsdóttir
Formaður FÍSF

[íslenskt já takk]

Byggingamenn í Vestmannaeyjum

Félag pípulagninga-
meistara til Frankfurt

Félag pípulagningameistara hyggst gangast fyrir ferð á ISH í Frankfurt í mars á næsta ári.

Ferðin tekur 5 daga. Flogið verður til Frankfurt 23. mars en millilent í Kaupmannahöfn. Heim verður flogið 28. mars. Gist verður á glæsilegu hóteli í Högst við Main fljótið.

ISH sýninguna þarf ekki kynna fyrir pípulagningamönnum. Hún er stærsta og virtasta sýning lagnamanna í Evrópu og er haldin annað hvert ár.

Peir, sem hafa áhuga á ferðinni, geta leitað frekari upplýsinga hjá undirrituðum í síma 511 5555 en þar fer einnig fram skráning í ferðina.

Takmarkað framboð er af sætum og því gildir að „fyrstir koma fyrstir fá“.

Eyjólfur Bjarnason

Fulltrúar Samtaka iðnaðarins heim-sóttu á dögnum nokkur byggingarfyrirtæki í Eyjum og héldu fund með byggingameisturum.

Eyjumenn hafa upplifað sl. ár að nýbyggingar íbúðarhúsnæðis eru ekki eini mælikvarði á grósku í byggingariðnaði. Töluverðar byggingaframkvæmdir hafa verið hjá fyrirtækjum í Eyjum, bæði nýbyggingar og umbætur á eldra húsnæði.

Steini og Olli hf. eru að reisa nýja loðnubræðslu fyrir Ísfélag Vestmannaeyja. Um er að ræða stórt og mikið stálgrindarhús, nánast utan um gömlu loðnubræðsluna. Framkvæmdin hefur að mestu leyti verið unnin af fyrirtækjum í Eyjum, þar með talin hönnunin.

Lögd er mikil áhersla á að fylgja Evrópustöðlum um hreinlæti og meðferð matvæla. Þótt ekki sé mikið um nýbyggingar íbúðarhúsnæðis hafa byggingaverktakar unnið töluvert fyrir einstaklinga við breytingar og endurbætur á íbúðarhúsnæði.



Þrír ættliðir í pípulögnum: Sigursteinn Marínósson, Bjarni Ólafur Marínósson, Marínó Sigursteinsson

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundi með byggingamönnum þar sem farið var yfir ný lög um byggingar- og skipulagsmál og nýja byggingareglugerð. Þá var einnig rætt um verðlagningu útseldrar vinnu og hvað leggja skal til grundvallar í þeim málum. Mikill hugur var í fundarmönnum um að endurvekja Meistarafélag byggingamanna og voru ræddar ýmsar leiðir til þess.

Eyjólfur Bjarnason

Kvótadómur og Alþingi

Dómur Hæstaréttar nr. 145/1998 (Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu) gefur tilefni til að áréttastefnu Samtaka iðnaðarins varðandi auðlindaleigu. Af þessu tilefni sendu Samtök iðnaðarins öllum þingmönnum hugmyndir sínar um auðlindaleigu sem voru fyrst settar fram á Iðnþingi 1997.

Í bréfi til þingmanna segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, meðal annars:

„Af þessu tilefni vilja Samtök iðnaðarins benda þingmönnum á tillögur sínar, Nýting náttúruauðlinda og staða samkeppnisgreina, sem Samtök iðnað-

arins settu fram á Iðnþingi 21. mars 1997 eftir ítarlega og vandaða undirbúningsvinnu. Þessar tillögur tryggja að úthlutun veiðiheimilda verði með þeim hætti að standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Tillögurnar gera ráð fyrir tilboðsmarkaði þar sem hlutdeild í leyfðum heildarafla er boðin til leigu í ákveðnum einingum til tiltekins tíma. Frjáls og óheft samkeppni um aflahlutdeild á að tryggja að þeir sækji fiskinn sem geta gert það með hagkvæmustum hætti. Samtökin leggja til að núverandi fyrirkomulag við úthlutun aflaheimilda verði bundið sólarlagsákvæði. Á tuttu árum skili útgerðin ríkinu aflahlut sínum – jöfnum hlut á hverju ári. Penn-

an hluta leigir ríkið síðan út á því verði sem viðgengst á markaðinum á hverjum tíma. Leigutíminn yrði 8–12 ár í senn. Auknar tekjur ríkissjóðs verði notaðar til að greiða niður erlendar skuldir. Fiskveiðiarðurinn nýtist landsmönnum þannig öllum í formi lægri vaxta-greiðslna ríkisins.“

Þessi rit gefa nánari upplýsingar um tillögur Samtaka iðnaðarins um auðlindaleigu: Framtíðarsýn og stefna SI og Nýting náttúruauðlinda og staða samkeppnisgreina. Bæði ritin eru á heimasíðu SI, «hyperlink <http://www.si.is>».

Ný og fullkomin strengprentvél

Um þessar mundir er verið að koma fyrir stórrri og fullkominni prentvél, Heidelberg Harris M-600 hjá Prentsmiðjunni Odda hf. Vélin, sem er um 33 m löng, er svokölluð strengprentvél („Web Press“) en slíkar vélar eru m.a. vel þekktar í dagblaða- og tímaritaprenti. Að sögn Þorgeirs Baldurssonar, framkvæmdastjóra Odda, mun þessi vél breyta aðstöðu til prentunar á tímaritum og margs konar upplýsingaefni.

„Þessi nýja prentvél er með sjálfvirkri plötuúsetningu og sjálfvirkri samhæfingu lita („autoregistrering“),“ segir Þorgeir og bætir við: „Vélin getur prentað 16 blaðsíður í fjórum litum í A4 stærð.“

Afköst vélarinnar eru mikil og má nefna að á einni klukkustund getur hún skilað 40.000 eintök af 16 blaðsíðna tímariti.

Oddi hyggst bæta þjónustu við viðskiptavinum sína og vinna nýjan markað fyrir tilstyrk hinnar nýju vélar. Oddi hefur undanfarin ár prentað íslensku símaskrána. Á næsta ári mun fyrirtækið einnig sjá um að prenta símaskrá fyrir Grænland og Færeyjar.

Oddi hefur undanfarin ár byggt upp starfsemi beggja megin Atlantshafsins. Í Bandaríkjunum er Oddi með sölustarfsemi og stöðug verkefni í vinnslu. Í Póllandi rekur Oddi prentsmiðju, Oddi Poland, sem framleiðir blöð fyrir pólska markaðinn. Að sögn Þorgeirs búa menn í alþjóðlegu umhverfi og taka þátt í samkeppninni austan hafs og vestan.

„Það er ekki álitid óeðlilegt,“ segir Þorgeir, „þótt erlendar prentsmiðjur sækja á íslenskan markað meðan skilyrði okkar til rekstrar eru þau sömu og annars staðar gerist. Það verður að vera hægt að keppa á jafnréttisgrundvelli til að geta mætt þeirri erlendu samkeppni sem sífellt verður harðari á okkar markaði.“

Ingi Bogi Bogason og Þórarinn Gunnarsson